



Stjórnarfundur UÍA

Haldinn á Egilsstöðum, þriðjudagur 05.04.2022 kl: 17:00

Mætt eru Benedikt Jónsson formaður, Björgvin Stefán Pétursson, Gunnar Gassi Gunnarsson framkvæmdarstjóri, Guðjón Magnússon, Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir og Þórunn María Þorgrímsdóttir.

Dagskrá

- Síðasta fundargerð
- Ársreikningur UÍA
- Vinnuskjal til umræðu varðandi úthlutanir úr afreksjóð
- Noregs ferð BJ og BSP
- Önnur mál

Síðasta fundargerð samþykkt samhljóða

Ársreikningur UÍA

Unnur Inga bókhaldari fór yfir ársreikninga UÍA með stjórnarfólki UÍA. Einnig fór hún yfir fjárhagslega sögu sambandsins með stjórnarfólki.

Úthlutanir úr afreksjóði - Vinnuskjal

Vinnuskjalið var samþykkt samhljóða.

Noregsferð BJ og BSP

Benedikt og Björgvin Stefán sögðu frá heimsókn sinni til Noregs. Þar fengu þeir m.a. kynningu á sambandshéruðum í Noregi. Þeir fóru m.a. yfir kynningu á því hvernig Norðmenn hafa unnið að því að fá innflytjendur meira inn í skipulagt íþróttastarf. Þar var m.a. lögð áhersla á að horfa ekki bara á iðkendur heldur líka að fá þá inn í dómgæslu, þjálfun og önnur störf innan hreyfinganna.

Önnur mál

Vinna þarf að tillögu til að leggja fram á þingi um það hvernig er hægt að deila hagnaði UÍA með sambandfélögunum. Lagt er upp með það að hafa skiptinguna 80 – 20 (80 % til félaga og 20 % til UÍA).

Búið er að leggja Felix niður og verður Sportabler nýtt kerfi fyrir UMFÍ og ÍSí. Þriðjudaginn 12.04 verður kynning á þessu kerfi á Egilsstöðum kl. 17:00 og á Fáskrúðsfirði kl. 19:15. Búið er að fresta skilum inn í þetta kerfi til 01.05.2022. Kynningin er hugsuð fyrir stjórnir íþróttafélaga og deilda.

Fundi slitið kl. 18:35

Næsti fundur verður þriðjudaginn 19.04 kl. 17:00 á Egilsstöðum.

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir